



Opinn fundur með stjórnendum skólans, stjórnendum NFFG. leikfélagsins og nemendum skólans haldinn í Urðarbrunni miðvikudaginn 7. október 2015.

Kristinn Þorsteinsson skólameistari setti fundinn og bauð nemendur velkomna. Hann ræddi um þau atriði sem fram komu á síðasta opna fundi og hvar þau eru stödd.

Stjórnarmenn NFFG og Leikfélagsins Verðandi kynntu sig. Páll Marís Pálsson forseti NFFG kynnti það helsta sem verður á atburðadagskránni á næstunni. Nefndi hann UNESCO-verkefnið „Heilabrot“ sem er átak á vegum ungmennaráðs UNESCO á Íslandi. Markmið átaksins er að vekja athygli á úrræðaleyfi í geðheilbrigðismálum barna og unglunga á Íslandi og vinna gegn fordómum. Verkefnið verður nánar auglýst í næstu viku. 30.október n.k. verður haldinn FG-Flensborgardagurinn. Keppt verður í 5 greinum og lýkur dagskránni um kvöldið á spurningakeppni. Nemendur eru hvattir til að senda tölvupóst til stjórnar NFFG ef þeir vilja taka þátt í einstökum keppnum. Hið árlega Salsaball verður haldið 5.nóvember og LAN-kvöld verður væntanlegt um miðjan október. Páll Marís hvatti stelpur sérstaklega til að taka þátt.

Örn Gauti Jóhannsson formaður leikfélagsins tilkynnti að næsti söngleikur sem settur verður á svið verður South Park og leikstjóri verður Agnar Jón Egilsson. Í máli Arnar Gauta kom ennfremur fram að barnaleikrit sem skrifað er og sett upp af nemendum skólans verður sýnt á skólaárinu.

Að kynningum loknum var opnað fyrir spurningar úr sal. Þessar voru helstar:

- ✚ Verður barnaleikritið sýnt í skólanum? Svar: JÁ.
- ✚ Verður haldið jólaball? Svar: Það er ekki á dagskrá en verður skoðað ef mikill áhugi verður.
- ✚ Hvenær koma nemakortin? Svar: Þau eru í vinnslu.
- ✚ Verða seldar peysur? Svar: sala á NFFG varningi verður þegar nær dregur áramótum.
- ✚ Hvað með Gillarann? Í máli Kristins skólameistara kom fram að einungis sé hægt að halda Gillarann í samstarfi við lögregluna. Ekki sé hægt að endurtaka Gillarann í þeirri mynd sem hann var haldinn síðast.
- ✚ Aftur var spurt um nemakortin: er hægt að hafa fleiri búðir með afslætti heldur en kvenfatabúðir? Í svari nemenda kom fram að erfitt væri að fá svör frá verslunum varðandi afslætti og aðeins fáar væru búnar að svara nú.
- ✚ Er hægt að halda 2 böll á næstu önn? Í máli Páls kom fram að það væri í skoðun að halda lokaball. Þó er ekkert búið að ákveða í þeim efnum.
- ✚ Fyrirspurn kom frá nemanda hvort ekki væri hægt að niðurgreiða mötuneytið fyrir fátæka námsmenn. Kristinn skólameistari sagði fyrirspurninga góða. Verði væri stillt í hof í mötuneytinu en því miður væri það ekki í boði fyrir íslenska framhaldsskólanemendur að fá mat niðurgreiddan. Kristinn kemur athugasemdum nemenda á framfæri.



- ✚ Er hægt að hafa mötuneytið opið lengur á daginn, t.d. til kl.15:30? Kristinn mun athuga málið.
- ✚ Er hægt að fá kaffivél fyrir nemendur? Í máli Kristins kom fram að slíkt var reynt fyrir nokkrum árum en vélin var tekin burt vegna áhugaleysis nemenda.
- ✚ Er hægt að halda Gillarann án samstarfs við lögregluna? Kristinn skólameistari lagði á það áherslu að það gengi ekki. Annað hvort héldu menn þennan viðburð í samráði við lögregluna eða alls ekki.
- ✚ Athugasemd kom varðandi umgengni nemenda í mötuneytinu. Kristinn tók heilshugar undir hana og hvatti nemendur til að ganga betur um.
- ✚ Skólameistari spurði nemendur hvort færa ætti hádegishléið en samkvæmt nýrri tímatöflu er hádegishléð fyrr en áður. Skólameistari hvatti nemendafélagið til að gera könnun meðal nemenda um þetta atriði.
- ✚ Hvers vegna er ekki Morfís-lið á þessu skólaári? Í máli forsvarsmanna nemenda kom fram að áhugi meðal nemenda væri enginn.
- ✚ Er hægt að hafa bókasafnið opið lengur en hingað til á prófatíma? Skólameistari sagði að bókasafnið hefur verið opið til amk tíu á prófatíma. Ekki standi til að lengja þann opnunartíma.
- ✚ Af hverju sitja forsvarsmenn mötuneytisins ekki fyrir svörum þegar spurningar beinast að mötuneytinu? Í máli skólameistara kom fram að á slíkum fundum gætu ekki allir setið fyrir svörum heldur myndi hann koma skilaboðum til mötuneytisfólks.
- ✚ Af hverju gilda seinkomur svona mikið? Krisinn skólameistari sagði að stöðugt væri verið að reyna að bæta mætingu nemenda. Það að koma of seint er ávani sem nemendur þyrftu að læra að hætta að temja sér.
- ✚ Athugasemd kom frá nemanda um að 5 mínútna frímínútur væru of stuttar fyrir reykingamenn. Í máli skólameistara kom fram að skóli gæti aldrei miðað sig við reykingar nemenda sem væru bannaðar á skólalóð. Hann notaði tækifærið og taldi nemendur hafa tekið sig á varðandi það að fylgja reglum varðandi reykingar. En auðvitað væri best fyrir nemendur að hætta að reykja.
- ✚ Hafa nemendur einhver föst sæti í skólabyggingunni? Kristinn skólameistari hvatti eldri nemendur til að bjóða þá yngri velkomna í skólann og standa jafnvel upp fyrir þeim.
- ✚ Er skíðaferð á dagskrá nemendafélagsins? Svar: JÁ.

Aðalbjörg Helgadóttir kennari tók til máls og bað nemendur um að nota ekki Suðurríkjafánann sem þeir hafa notað á Gillaranum og jafnvel öðrum atburðum. Notkun fánans væri hvorki nemendum né skólanum til sóma enda endurspeglaði hann rasisma.

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi minnti nemendur á að notkun munntóbaks er stranglega bönnuð í skólanum. Bað hún nemendur að virða það.

Skólameistari spurði nemendur um álit þeirra á breyttri tímasetningu smiðja. Miðað við viðbrögð nemenda er sátt um þessa nýju tímasetningu.

Daníel Kristinn Pétursson formaður skreytingarnefndar ræddi um þá miklu vinnu sem skreytingarnefndin legði á sig fyrir atburði. Hann bað nemendur um að láta



skreytingarnar vera. Það væri slæmt ef nemendur væru að eyðileggja það sem á að vera til að undirstrika skemmtilega atburði.

Kristinn Þorsteinsson skólameistari þakkaði nemendum fyrir góðan fund.
Fundu slitið kl.10:50.

Elísabet Siemsen aðstoðarskólameistari ritaði fundargerð.